

Skáksamband Vestfjarða

Hinn 28. maí s.l. var Skáksamband Vestfjarða stofnað að tilhlutan Skáksambands Íslands. Til stofnfundar var boðað bæði skriflega og símleiðis og mættu til fundarins fulltrúar fjögurra byggðalaga auk fulltrúa Skáksambands Íslands, Högn Torfasonar.

Fundur þessi fór fram í Sjálfsbjargarhúsinu á Ísafirði og sóttu hann eftirfarandi fulltrúar:

- Matthías Kristinsson Ísafirði
- Guðmundur Gunnarsson Ísafirði
- Eysteinn Gíslason Flateyri
- Sigurður Hafberg Flatreyri
- Daði Guðmundsson Bolungarvík
- Sveinbjörn Jónsson Súgandafirði

Fulltrúi Dýrfirðinga, Valdimar Gíslason frá Mýrum, komst ekki til fundarins sökun anna, en boðaði í þess stað þátttöku þeirra Dýrfirðinga í væntanlegu skáksambandi.

Á stofnfundinum voru lög samin og kjörin stjórn til þess tíma, að unnt yrði að halda aðalfund, sem skyldi verða samfara næsta Vestfjarðamóti í skák.

Í fyrstu stjórn Skáksambands Vestfjarða voru þessir kosnir:

- Formaður: Matthías Kristinsson Ísafirði
- Meðstjórnandi: Eysteinn Gíslason Flateyri
- Meðstjórnandi: Daði Guðmundsson Bolungarvík
- Varamaður: Valdimar Gíslason Dýrafirði
- Varamaður: Sveinbjörn Jónsson Súgandafirði

Stjórnin ákvað, í samræmi við lög hins nýstofnaða sambands að næsta Vestfjarðamót í skák færi fram 17.-19. September og yrði þá endanlega gengið frá stofnun Skáksambands Vestfjarða. Var slíkt gjört, einnig barst beiðni frá Bíldudal um aðild að sambandinu.

Við stjórnarkjör baðst Matthías Kristinsson undan kjöri sökum heilsubrests og var stjórn .. (vantar því miður á lok bréfsins – Halldór Grétar)